



Námskeið og opið hús



Ný glerdeild



Skapað heima í stofu



# HANDVERKSHÚSIÐ



- gæði, þekking og þjónusta fyrir þig!



Sérlausnir




Þjónusta



Bækur og DVD



Verkfæri



Hráefni



Vélar



# Skapað í tré



## Tálgað í tré

Tálgun á miklum vinsældum að fagna, bæði í skólum og hjá almenningi. Í Handverkshúsinu fást öll verkfæri fyrir tálgun, t.d. dæmis Mora-tálguhnífar, tangir, sagir og Gransfors handunnar tálguaxir frá Svíþjóð og Noregi.

### Námskeið

## Tálgun fígúra

Lærðu öll smáatriðin sem skipta mestu máli við tálgun. Horft er til helstu þátta sem skipta máli þegar tálga á eðlilega fígúru. Grunnþekking á tálgun nauðsynleg. **Efnistöð:** Fuglar, fólk og andlit. **Leiðbeinandi:** Bjarni Þór Kristjánsson.



## Trélm og olfur

Handverkshúsið býður upp á mjög fjölbreytt úrval af trélmum, hraðlmum og ýmsum öðrum límum fyrir öll hráefni. Yfirborðsefnið fyrir tré eru af ýmsum gerðum og litum s.s. olía, bívax, lakk, bæs og málning.



### Námskeið

## Scrimshaw

Myndristutækni í hart efni er einstaklega áhugavert handverk. Mikil vinna en árangurinn er glæsilegur. **Efnistöð:** Camelbein, risputækni, blek og mynstur. **Leiðbeinandi:** Stefán Erlingsson.



## Efniviður

Þónokkuð framboð er af ýmsum gerðum trjáviðar til sérhæfðra og mismunandi verkefna, t.d. tréútskurðarviður, tálguviður, rennivíður og smíðaviður. Einnig fást ýms konar skefningarefni.

### Námskeið

## Tálgum í tré - ferskviður

Lærðu grunntækni við tálgun. Unnið er að smáum og stórum verkefnum bæði með hníf og exi. Hugað er að eiginleikum trjátegunda, kostum þeirra og veikleikum. Val á efni og öflun þess er kennd í skógarferð. **Efnistöð:** Smjörhnífur, bolli/áhalð **Leiðbeinandi:** Ólafur Oddsson.



## Steinasögur

Mikið úrval af steinasögum bæði fyrir mjög netta steina í skartgripi og mjög stóra steina. Steinasagir 6-18 tommu með demantsblaði frá Lorton og litlar bandsagir með demantsblöðum frá Proxxon. Öflugar slípiþönnur frá Raytech til að slétta og pólera stærri fleti.

## Steinaborun

Tíu ára reynsla af vinnu með íslenskt grjót hefur skilað góðum lausnum sem virka. Handverkshúsið hefur allt fyrir steinaborun; vélar, kælikerfi og demantskjarnabora. Allar stærðir af demantsborum fyrir skartgripagerð 1-6 mm og full lína af stærri kjarnaborum fyrir stærri verkefni í grjóti. Ódýr heildarlaun fyrir byrjendur og vinsæll pakki fyrir þá sem ætla að bora hundruð gata, jafnvel með sama bornum.



## Steinatromlur

Mikið úrval af steinatromlum frá Lortone. Litlar tromlur fyrir minna grjót, t.d. í skartgripi, með 1-3 misstórum belgjum. Tromlurnar nýtast einnig vel með stálkúlumixi til póleringar á silfri og öðrum málmum. Einnig stórar (6 kg) tromlur fyrir stærra grjót í tveimur stærðum. Öll slípiþönnur, s.s. karbíðsandur í fjórum gröflekum og póleringaduft.

## Tréútskurður

Útskurður í tré hefur í gegnum árin verið vinsælt viðfangsefni handverksfólks. Að staðaldri skera hundruð Íslendinga út ýmis mynstur og myndir allt árið. Margir sækja mynstur, hráefni, klukkur, loftvogir og Pfeil útskurðarjárn í Handverkshúsið eða leggja fram pöntun á heimasíðu verslunarinnar [www.handverkshusid.is](http://www.handverkshusid.is).



Til að hefja tréútskurð af fullum krafti þarf hráefni, nokkur vel valin útskurðarjárn og brýni.

### Námskeið

## Tréútskurður

Yfirgripsmikið námskeið í myndskurði. Einstaklega vinsælt handverk sem styrkir bæði sál og líkama.

Efnistöð: Tækni, mynstur, brýnsla, viðarfræði og frágangur.

Leiðbeinandi: Friðgeir Guðmundsson.

## Tifsöggun

Margir skólar nota tifsagur mikið í sínu starfi og útskurðarfólk gerir heilu listaverkin að mestu leyti með tifsöginni. Hægt er að saga allt upp í 50 mm þykkt tré og ýmis önnur efni, eins og plast og málm.



## Trérennsli

Fátt kemst í hálfkvisti við fallega rennda hluti úr góðum efnivið. Handverkshúsið hefur í um 12 ár boðið handverksfólki upp á vandaða trérennibekki í mörgum stærðum frá Nova og Jet. Mikið úrval rennijárna í hæsta gæðaflokki frá Henry Taylor Sheffield og brýnsluvélar. Þónokkur form og viðartegundir í vel þurrkuðum rennivið, bæði innfluttum tegundum og þurrkuðu birki og lerki frá Hallormstað. Einnig mikið af sérhæfðum verkfærum, patrónum, íhlutum, rennibókum, kennsludiskum og sogkerfum.

### Námskeið

## Tifsöggun

Yfirgripsmikið námskeið í hönnun og smíði handverks með tifsögum í mismunandi hráefni.

Efnistöð: Unnir munir úr kopar, tré og plasti s.s. skál og skeið.

Dagsnámskeið undir góðri handleiðslu Trausta Tryggvasonar kennara í Stykkishólmi.



## Vélar

Handverkshúsið býður upp á úrval af trésmíðavélum, t.d. bandsagur, tifsagur, hjólsagur, heflar, bandslípivélar og fræsarar. Ábyrgð og góð þjónusta hefur verið aðalsmerki Handverkshússins í gegnum árin og er kappkostað að bjóða eingöngu upp á vandaðar vélar frá þekktum framleiðendum.

### Námskeið

## Tréskúlpúr

Farið í grunntækni við að forma skúlpúra með tálguhjólum og slípidiskum.

Efnistöð: Arbortech vélar, gerð er skál eða gríma úr við.

Leiðbeinandi: Jón Adolf.

# Íslenskir steinar



## Steinaformun

Nokkrar útfærslur af sérhæfðum vélum, frá Lortone og Inland, til að forma hart íslenskt grjót. Hefðbundin 6-8 tommu hjól, bæði karbíð og demantur. Nú einnig demantsdiskaslípivélar á mjög hagstæðu verði sem skila góðum árangri á skömmum tíma, bæði í stein og gler.

Einnig sérhannaðir karbíðmeitlar til steinskúlpúrsgerðar, demantsskerskífur í slípirokka og mikið úrval af demantsíhlutum.

## Steinaskart

Handverkshúsið hefur notið aðstoðar gullsmíða og steinaáhugafólks við að finna bestu tækin og hráefnin til að vinna íslenskt náttúrugrjót í skartgripi. Í versluninni eru margar sérlausnir við slípun og formun steina sem og sögun og borun nettra steina.

Ýmis konar steinar og silfuríhlutir, t.d. skornir sirkonsteinar í mörgum stærðum, silfurfestingar, steinafatningar, lásar, hringir, eyrnalokkar, ermahnappar og hálsfestar.



## Skreyta grjót

Hjá Handverkshúsinu fást handhægir og loftdrifnir hraðsnúningsfræsarar (400.000 p.min.) sem henta mjög vel við að skreyta hart grjót. Mikið úrval af demantskúlum og formum í allar gerðir handfræsara.

Einnig fást einfaldir sandblásturskútar og form sem gerir kleift að skreyta grjót og breyta áferð þess með sandblæstri.



# Skartgripagerð



## Silfurleir (ArtClay)

Silfurleirinn gefur fólki tækifæri til að vinna skartgripa á einfaldan hátt úr eðalmálminum silfri. Leirinn er mjúkt form örfínna silfuragna sem bindast saman við brennslu og mynda hart, hreint, silfur - svokallað fínsilfur. Skartgripurinn er fullunninn áður en hann er brenndur með einföldum gaslampa. Sé skartgripurinn stór má nota ofn. Silfurleirinn fæst í nokkrum mismunandi formum, t.d. silfursprautu, silfurpasta og silfurleir. Þá er einnig til gulleir og gullpasta. Form silfursins er valið með tilliti til skartgripsins sem á að smíða, t.d. hentar leirinn vel ef gera á hring, silfurpasta til að fá fram mynstur á ýmsum formum og silfursprauta ef gera á þrívíddarskartgrip eða skraut á leirinn.



Byrjendasett í silfurleirgerð eru handhægur kostur því það inniheldur helstu verkfæri, hráefni og kennsludisk sem sýnir grunntæknina við vinnslu skartgripa úr silfurleir.

## Námskeið

### Silfurleir (ArtClay)

Lærðu að smíða skartgripa úr silfurleir. Efnistöð: Silfurpasta, silfursprauta og silfurleir en 6–8 gripir eru kláraðir á þremur kvöldum eða helgi. Leiðbeinendur: Vífill Valgeirsson & Þóra Friðriksdóttir.

## Námskeið

### Silfurkeðjur - víkingamynstur

Öðruvísi og efnismiklar festar úr silfurhringjum. Efnistöð: Kóngakeðja, Drottingarkeðja, Snúin keðja og Brynjukeðja. Leiðbeinendur: Ásdís og Linda.

## Námskeið

### Silfursmíði


Viljir þú læra silfursmíði með hefðbundinni aðferð þá er þetta námskeiðið. Efnistöð: Silfurkveiking, formun, hönnun, steinafsetning. Leiðbeinandi: Vífill Valgeirsson.

## Silfursmíði

Til að gera skartgripa úr sterling silfri (925) þarf ákveðin grunnverkfæri. Í boði eru byrjendasett með öllum grunnverkfærum, efnum og tækjum á tilboðsverði.

Handverkshúsið býður einnig upp á ýmis konar sérverkfæri fyrir lengra komna og þá sem ráðast í stærri verkefni.

Mjög fjölbreytt úrval af öllum silfurformum, til dæmis plötum, vír og rorum úr silfri, kopar, nýsilfri, fashion-silfri, tini og hvítmálmi. Mikið af öðrum efnum í boði fyrir silfur- og aðra málmvinnu, t.d. slaglóð, flúx, sýra (Vitrex), sápur, öll efni og hjól fyrir póleringu og alls konar íhluti fyrir silfursmíði.



## Silfursteypun

Ýmis verkfæri og efni til málmbræðslu og aðrir sérhlutir til að steypa ýmsa málma, svo sem deiglu, mót og steypusandur. Einnig gasbyssur, efni og eldstenar.

## Silfursteypun

Nýtt námskeið sem byggir á afsteypun á munum í sandi. Efnistöð: Bræðsla, formtaka og steypun. Leiðbeinandi: Vífill Valgeirsson.





**NÝTT!!**

## Skartgripaleir í mörgum litum

Nýi skartgripaleirinn frá Pardo hentar vel þeim sem hafa áhuga á að vinna skartgrip á mjög hagkvæman hátt. Eftir móttun er leirinn brenndur í venjulegum eldhúsofni. Mjög mikið úrval lita með mismunandi áferð.

Námskeið

## Íslenskt grjót = skartgripir

Námskeið fyrir þá sem vilja nýta íslenskt grjót í skartgripagerð.  
Efnistöð: Slípun, borun, formun og sögun.  
Leiðbeinandi: Vífill Valgeirsson.

## Víravirki

Öll verkfæri og efni til víravirkis úr sterling silfri. Höfuðbeygjuvír og snittaður vír tilbúinn til notkunar.



Námskeið

## Perlufestar

Lærðu að þræða og hnýta perlu og steina á silkipráð og stálvír.  
Efnistöð: Hálsfestar, armbönd og eyrnalokkar.  
Leiðbeinendur: Ásdís og Linda.



## Vemndaðu silfrið

Nýtt frábært efni frá Sambol í Þýskalandi sem kemur í veg fyrir að það falli á silfurmunni.

1. Munirnir hreinsaðir vel með silfurhreinsi (dipp) eða póleringaklút.
2. Munirnir lagðir í löginn í þrjár til fjórar mínútur (eða spreyaðir).
3. Munirnir skolaðir með vatni og þurrkaðir.
4. Árangurinn lætur ekki á sér standa því munirnir halda glansandi finir í um þrjá til sex mánuði.

Námskeið

## Víravirki = skartgripir

Öðruvísi námskeið sem byggir á aldagömlum aðferðum við að útbúa skart í íslenska þjóðbúninginn en sú aðferð hefur síðari ár orðið vinsæl við gerð tiskuskartgripa.  
Efnistöð: Silfurkross, höfuðbeygjuvír, mynsturvír og silfurkúlur.  
Leiðbeinandi: Dóra Jónsdóttir gullsmiður.

**NÝTT!!**

## Einfaldaðu málin = taktu afsteypur

Frábært nýtt tveggja þátta silikonefni sem gerir kleift að taka afsteypur af flóknum munum. Mjúkum silfurleimum eða öðrum efnum þrýst í mótið sem myndar fullkomna eftirmynd.



## Perluskart

Perlu og steinar eru vinsælir sem aldrei fyrr og úrvalið í ferskvatnsperlum og steinperlum er mjög fjölbreytt. Sifellt meira úrval af slípuðum og formuðum íslenskum náttúrusteinum.



## Hvað þarf til að búa til perlufesti?

- Perlur, hrosshár eða silkipráð.
- Perlutöng.
- Perlur og náttúrusteina.
- Festingar



# Vélar, verkfæri & íhlutir



## Fræsitenur og sagarblöð

Sögun hefur löngum verið sérsvið Handverkshússins en þar má fá sagarblöð í margar mismunandi vélar og handsagir, t.d. tifsagir, bandsagir, hjólsagir, steinsagir, málsagir, bogasagir, laufsagir og aðrar handsagir. Allt gæðablöð frá Þýskalandi og Bandaríkjunum.

Mörg form og stærðir af slípivörum, borum, fræsitönnum, skurðarskífum og demantskúlum í smáfræsara. Þýsku Famag spónsborirnir hafa sannað ágæti sitt ásamt borum sem henta vel fyrir stór sem smá verkefni.

## Námskeið

### Hnífagerð

Nýtt og yfirgrípsmikið námskeið sem hefur slegið í gegn. Allir klára flottan grip og móta sérstakt leðurslíður utanum.

Efnistöð: Skeptun, formun & slíður.

Leiðbeinandi: Valdór Bóasson.



## Smávélar og tæki

Mikið úrval af handhægum vélum fyrir fjölmörg og sértæk verkefni í handverki leysa þarf með einföldum hætti. Smátækin eru mjög þægileg í alla fínvinnu, formun, borun og slípun ýmiss konar hráefni. Hljóðlát tæki sem auðvelt er að soga ryk og önnur óhreinindi frá með ryksugu til að lágmarka loftmengun. Handverkshúsið hefur umboð fyrir Proxxon á Íslandi og selur allar þeirra smávélar og íhluti, auk þess að veita góða þjónustu.

## Námskeið

### Brýnsla - verkfæri

Lærðu að brýna verkfæri undir nákvæmri leiðsögn fagmanns.

Efnistöð: Heflar, hnífur, útskurðarjárn, borir, axir, sporjárn og fleira.

Leiðbeinandi: Guðmundur "Muggi".



## Hnífagerð og brýnsla

Hnífagerð verður sífellt vinsælli hjá handverksfólki sem hannar hníf og smíðar frá grunni, auk þess að sauma hnífslíður. Mikið úrval hnífslaða og skefningarefna frá Noregi og Svíþjóð, margvíslegra íhluta, horna, beina, slíðurleðurs og verkfæra.

Flottir veiðihnífur og skurðarhnífur, að ógleymdum Leatherman-tækjunum sem eru ómissandi eftir að hafa kynnst þeim.



Brýnslumeistari Handverkshússins veitir góða ráðgjöf um val á brýni. Jafnframt tekur hann að sér bæði einfalda og flókna brýnslu á hnífum og öðrum eggjárnnum. Í versluninni er mikið úrval af demantsbrýnum, vatnssteinum, olíusteinum, brýnsluvélum, brýnslumassa og púðum.



## Gler

Nú hefur Handverkshúsið opnað nýja deild með öllu því sem snýr að sköpun úr gleri. Mikið úrval af gleri og litum, t.d. Spectrum og bullseye gler í tiffanis og bræðslu, sem og hjó vinsæla skartgripagler í nokkrum litum.

## Litir og lífm

Glerlitir frá Toms bæði fyrir flotgler (rúðugler) og bullseyegler, glersalla og flögur til skreytinga. Margvíslegir litir í boði, bæði skærir og pastel ásamt málmlitum á borð við kopar, gull og silfur. Glerlífm, bæði litað og glært, í fjölbreyttri línu sem hentar fyrir öll hráefni.



## Glerofnar og verkfæri

Glerofnar frá Rohde og Scandia ásamt topphlöðnum ofnum sem brenna bæði gler og leir. Úrval af handverkfærum, eins og glerböngum, skerum og lóðboltum. Fíberplötur, mótaefni og tilbúin mót úr stáli og keramik til hönnunar á ýmsum glermunum. Hagstætt verð á demantsslípivélum og sögum frá Glasstar og Inland sem henta bæði í gler og stein.



## Klukkur og loftvogir

Í Handverkshúsinu er að finna mesta úrval landsins af klukkuverkum, vísum, klukkum, loftvogum, hitamælum og rakamælum á hagstæðu verði.

Mjög vinsælt er hjá útskurðarfólki að setja klukkur og loftvogir í handverk sín, í rennda muni og íslenskt grjótt. Margir gera nú stórar klukkur úr ýmsum efnum og formum með risastórum vísum.



## Lamir, festingar og tréhjól

Ýmsar stærðir af messinglömum, upphengjum, höldum, hornum, lyklakippum, spennum og öðrum litlum festingarvörum, t.d. messingskrúfum og koparnögnum. Heil lína af renndum trémunum úr beiki í mörgum stærðum, m.a. kúlur, hjól og perlur.



## Sandpappír og slípun

Margar mismunandi vélar kalla á margar gerðir, stærðir og grófleika af sandpappír. Hjá Handverkshúsinu færðu góðan pappír í allar vélar sem eru í verslun enda mikið af sandpappírsböndum, skífum og hólkum ásamt örkum, smergelpappír og rúllum.

Slípihjólín í Handverkshúsinu eru vinsæl í ýmsa póleringu í málm, tré, horn, plast og bein ásamt því að vera frábær í brýnslu. Mismunandi slípihlífir í boði fyrir hvert verkefni og hráefni sem vinna skal á.

# Skapað úr gleri og leir



Leir

Margar gerðir af steinleir, rakúleir og postulíni fyrir muni til brennslu í leiروفnum. Einnig mikið úrval af fönurleir sem harðnar við stofuhita, skúlptúrleir sem aldrei harðnar og léttleir í brúður, fugla, skartgrip og fleira.

Ný lína af skartgripaleir í mörgum litum sem hertur er í venjulegum eldhúsofni.



Glerungar og litir

Mikið úrval af glerungum, grunnlitum, lágbrenndum og hábrenndum frá Prisma og Duncan. Einnig í boði lína af akríllitum í litlum umbúðum, vaxlitum og mikið af íblöndunarefnum fyrir þá sem vilja blanda glerungana sjálfir.

## Leiروفnar og tækil

Handverkshúsið er með þjónustu og umboð fyrir þýsku Rohde- og dönsku Scandia leiروفnana. Þjónusta og innflutningur á ýmsum tækjum fyrir leirvinnu, t.d. rennibekkjum og varahlutum. Mikið úrval af handverkfærum, kavalettum og hillum í ofnana.







# HANDVERKSHÚSIÐ

## Vefverslun

Panta má vörur í gegnum vefverslun Handverkshússins, [handverkshusid.is](http://handverkshusid.is). Skráðu þig á póstlistann og fáðu nýjustu fréttir úr handverksheiminum, námskeiðsdagskrá og tilboð frá Handverkshúsinu.

## Námskeið

Fjölbreytt námskeið í ýmis konar handverki fyrir fólk á öllum aldri. Leiðbeinendur á námskeiðum hafa langa og víðtæka reynslu af handverki.

## Heildsala

Handverkshúsið rekur einnig heildsölu fyrir endursöluaðila og stórkaupendur. Dæmi um vöruflokka; bækur, Proxxon smávélar, hráefni og handverkfæri.

## Verzlun

Mikið úrval verkfæra, hráefna og smáhluta fyrir handverk. Vönduð þjónusta og heitt kaffi á könnunni í bókahorninu.

Opið alla virka daga frá kl. 9–18, laugardaga 10–14.

## Þjónusta

Fagmenn Handverkshússins sjá um að hanna og setja upp stór sem smá vinnurými fyrir handverksfólk, m.a. í bílskúrum og skólum. Fagmenn veita einnig þjónustu við að brýna verkfæri og hnífa fyrir handverksfólk.

## Opin vinnustofa

Í verzlun er opið vinnurými með aðgangi að úrvals verkfærum og vélum fyrir handverk. Einu sinni í mánuði er opin vinnustofa fyrir þátttakendur námskeiða okkar þar sem leiðbeinandi er til staðar.



## Ný verzlun!

## Við opnum á Akureyri í haust



## Handverkshúsið

Bolholti 4  
105 Reykjavík

Sími:  
555 1212

Vefverslun:  
[handverkshusid.is](http://handverkshusid.is)

Netfang:  
[handverkshusid@handverkshusid.is](mailto:handverkshusid@handverkshusid.is)